

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi 21. maí 2010

**Efni: Umsögn um Þskj. 876 -499. mál á 138. löggjafarþingi 2009–2010**

## 1. ALMENNT

Deloitte telur að þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um hlutafélög leiði ekki til þess að stofnendur eða hluthafar hlutafélaga velji þetta form eða geri hlutafélög gegnsæ.

Hér á eftir eru raktar athugasemdir Deloitte við einstakar greinar eftir því sem við á.

## 2. EINSTÖK ATRIÐI

*Varðandi dulið eignarhald.*

Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er ein af megin röksemdum fyrir gagnsæum hlutfélögum sú að allt eftirlit með hlutfélögum sé mjög torvelt og stundum sé eftirlit ómögulegt vegna skorts á upplýsingum um eignarhald sem leiði þá jafnframt til óeðlilegrar skattlagningar og skattundanskota. Hins vegar er ljóst af frumvarpinu að hér þetta form er valkvætt og kemur ekki í veg fyrir dulið eignarhald í félögum ef menn svo kjósa.

Skynsamlegra væri að skylda stjórnir félaga að halda hlutaskrá þannig að ljóst væri hver er raunverulegur eigandi eða eigendur hluta í félögum (beneficial owner). Eru slíkar kröfur ekki óeðlilegar hvort sem um er að ræða einkahluta- eða hlutafélög enda verður að kanna hvaðan fjármunir koma við stofnun samkvæmt lögum um peningabvætti, þ.e. þegar sérfræðingar sjá um að stofna félögin, sbr. lög nr. 64/2006, lög um aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í umræddum lögum er raunverulegur eigandi skilgreindur þannig:

4. *Raunverulegur eigandi:* Einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á eða stýrir þeim einstaklingi og/eða lögaðila sem skráður er fyrir eða framkvæmir viðskiptin. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:

a. Einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teijast á annan hátt hafa yferráð yfir lögaðila. Ákvæðið á þó ekki við um lögaðila sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu [[aga um kauphallir].<sup>1)</sup>

b. Einstaklingur eða einstaklingar sem eru framtíðareigendur að 25% eða meira af eignum fjárvörslusjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags, eða hafa yferráð yfir 25% eða meira af eignum hans. Í tilvikum þar sem ekki hefur enn verið ákveðið hverjir munu njóta góðs af slíkum fjárvörslusjóði telst raunverulegur eigandi vera sá eða þeir sem sjóðurinn er stofnaður fyrir eða starfar fyrir.“

Þannig þykir eðlilegra að setja reglur um gagnsæi eigenda almennt frekar en að setja flóknar reglur um félög sem mættu fara eftir reglum um gagnsæ hlutafélög.

### *Varðandi ábyrgð endurskoðanda*


Telja verður mjög hæpið að gera endurskoðanda gegnsæis hlutafélags ábyrgan fyrir því að stjórnarmenn og varamenn ásamt framkvæmdastjóra séu upplýstir um skyldur samkvæmt lögnum. Ef endurskoðandi eða stjórnarmaður er ósáttur við við ákvörðun stjórnar vegna mögulegra brota á lögnum þá ber honum að láta bóka um þá afstöðu sína og skal hún birt á heimasíðu félagsins og einungis þá getur hann firrt sig ábyrgð. Hver á að sjá um að slíkar bókanir verði settar á heimasíðu? Hvaða ábyrgð ber endurskoðandi sem hefur látið í ljós afstöðu sína með bókun sem síðan er ekki birt? Telja verður mjög óeðlilegt að endurskoðandi og stjórnarmaður geti ekki sagt starfa sínum lausum fyrr en tilkynning um nýjan aðila hefur borist hlutafélagskrá. Líklegt þykir að erfitt verði að manna slík störf í gegnsæum hlutafélögum.

### *Opinber hlutafélög*

Ljóst er að töluvert af opinberum hlutafélögum eiga hlut í einkahlutafélögum og hlutafélögum. Í tilviki þeirra er ekki um neitt val að ræða og verða þau þá annað hvort að selja sinn hlut í viðkomandi félögum eða breyta þeim í gegnsæ hlutafélög. Regluverkið í kringum opinber hlutafélög er mjög gegnsætt í dag og verður ekki talið að slíkar reglur þurfi sérstaklega fyrir slík félög.

Að lokum skal tekið fram að þar sem svo skammur tími gafst til yfirferðar á frumvarpinu var ekki möguleiki á að senda umsögn nema hvað varðar helstu og róttækustu breytingartillögur frumvarpsins.

Virðingarfyllst  
f.h. Deloitte



Vala Valtýsdóttir  
Forstöðumaður  
Skatta og lögfræðisviðs